
Eygló Harðardóttir (Svar på replik)

Information

Typ

Svar på replik

Tal nummer

34

Person

[Eygló Harðardóttir](#)

Speaker role

Statsministerens stedfortræder, Island

Datum

01.11.16 17:05

Þakka þér kærlega fyrir. Ég held að við, eins og önnur Norðurlönd, höfum lagt áherslu á mannréttindi, aðkomu okkar að mannréttindayfirlýsingunni sem ég fór í gegnum í ræðu minni. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað, skal viðurkenna það hér, að á síðasta kjörtímabili, sem lauk nú um helgina, hefðum við sett í lög bann við mismunun, sem er eitthvað sem við eigum eftir að ljúka á Íslandi. Misrétti er hins vegar mjög stórt orð. Við erum einkar stolt af miklum jöfnuði þegar kemur að tekjum á Íslandi. Þar erum við hvað fremst meðal OECD-ríkja. Það er hins vegar mikilvægt að horfa ekki bara á tekjujöfnun heldur að við séum líka að horfa á stöðu fólks að öðru leyti. Á fundi forsætisnefndar var talað um þann mismun sem við sjáum víða í heiminum sem snýr að eignasöfnun. Það held ég að við á Norðurlöndunum hljótum almennt að vilja stuðla að, að unnið sé gegn misrétti og ójöfnuði eins vel og við mögulega getum. Það er líka að mínu mati mjög mikilvægt – þó að ég hafi sérstaklega talað um kynjajafnrétti – að við hugum að stöðu annarra hópa sem að einhverju leyti eru í veikari stöðu í samfélaginu. Ég vil þá nefna sérstaklega stöðu fatlaðs fólks, sem mér hefur verið mjög umhugað um og skiptir verulega miklu máli að bæta úr.

Skandinavisk oversættelse:

Mange tak. Jeg tror, at vi ligesom de øvrige nordiske lande, har lagt vægt på menneskerettigheder og vores deltagelse i

menneskerettighedserklæringen, ligesom jeg gennemgik i min tale. Jeg ville dog have ønsket, og indrømmer det, at vi i sidste valgperiode, som sluttede nu i weekenden, havde indført en lov mod diskrimination, den opgave har vi endnu ikke løst i Island. Begrebet diskrimination er derimod et meget stort ord. Vi er særlig stolte af den store lighed når det gælder indtægter i Island. Der er vi blandt de førende lande inden for OECD. Derimod er det vigtigt ikke kun at fokusere på fordelingen af indtægter, men også andre forhold. På statsministrenes møde blev der talt om den ulighed vi ser flere steder i verden når det handler om akkumulering af ejendom. Der tror jeg, at vi i Norden generelt må kunne yde en indsats for at modarbejde diskrimination og ulighed så godt vi kan. Det er efter min mening meget vigtigt – til trods for at jeg hovedsageligt har talt om kønnenes ligestilling – at vi tænker på andre grupper, der på en eller anden måde er svagt stillet i samfundet. Der tænker jeg især på folk med handicap, en gruppe som jeg har været meget optaget af, og hvor det er særdeles vigtigt at forbedre deres stilling.